

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 2004

14. maí 2004

1085

Nr. 430

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðarsvæði við Mýrarveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. maí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í að íbúðarsvæði vestan Mýrarveg, norðan Akurgerðis, er stækkað til norðurs á kostnað opins svæðis. Stækkunin er rúmlega 2100 m² og verður nýtt til byggingar 5 hæða fjölbýlishúss með 15 íbúðum fyrir eldri borgara.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 14. maí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

14. maí 2004

Nr. 431

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Lækjar- og Tjarnartún í Naustahverfi, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 2. mars 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Naustahverfi. Breytingar á deiliskipulaginu felast í breytingum á skilmálum, byggingarreitum og bindandi byggingarlínunum fyrir fjölbýlishús sunnan Lækjartúns og í afmörkun byggingarreita fyrir sólskála við raðhús við Tjarnartún.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 14. maí 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.